

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

- Breyting á deiliskipulagi Dalabyggðar úr landi Reykjadal.*  
Í breytingunni felst að lóðum fækkar úr 35 í 23 auk þess sem gert er ráð fyrir að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 507 14. júní 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar.*  
Deiliskipulagsbreytingin nær til 2. áfanga og felur í sér að við bætast 53 einbýlishúsalóðir og samtals 60 íbúðir í parhúsum á svæði norðan við núverandi lóðir. Í heild er því gert ráð fyrir allt að 125 íbúðum á svæðinu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 12. janúar 2012 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 507 14. júní 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Deiliskipulag frístunda- og skógræktarsvæðis úr landi Grafar við Flúðir.*  
Deiliskipulagssvæðið er um 5,6 ha og er gert ráð fyrir 6 frístundahúsalóðum ásamt svæði fyrir skógrækt. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,03. Mesta hæð mænis er 5,5 m og skal þakhalli frístundahúss vera á bilinu 15-40°. Heimilt er að reisa allt að 30 m<sup>2</sup> aukahús á hverri lóð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 1. mars 2012 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 487 7. júní 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Deiliskipulag í landi Högnastaða.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 24,6 ha svæði er gert ráð fyrir 22 frístundahúsalóðum ásamt leiksvæði. Heimilt er að reisa frístundahús ásamt tengibyggingu og gestahúsi.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 3. mars 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 996 28. október 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
- Deiliskipulag Birtingaholts 2, 4 og 5.*  
Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir lóð fyrir vélageymslu og kornvinnslu, lóð fyrir sumarhús/starfsmannahús, lóð fyrir íbúðarhús og byggingarreit fyrir bílskúr.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.  
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 715 18. júlí 2011. Það deiliskipulag er ekki í

gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

6. *Deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Syðra-Langholts 2, Vesturhlíð.*

Deiliskipulagssvæðið er um 4 ha og er gert ráð fyrir 3 frístundahúsalóðum, 3 ræktunarlóðum og sameignarlóð fyrir aðkomuveg, bílastæði ásamt mögulegri leikja- og tjaldflöt fyrir gesti. Heimilt er að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús, allt að 40 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 20 m<sup>2</sup> geymslu á hverri frístundahúsalóð. Hámarkshæð frístundahúsa er 7,1 m og aukahúsa 3,5 m. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,26.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2012 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 847 18. október 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**